



September 2023

á íslensku

Gerðu friðarmerki!

Minn frið gef ég yður! (Joh 14,27)

Kontakt: Meinolf Wacker
Kirchplatz 7
59174 Kamen

Mobil.: +49-172-5638432
Mail: meinolf.wacker@go4peace.eu
Homepage www.go4peace.eu

Kæru vinir go4peace,

Drögum andann þrisvar sinnum djúpt þegar einhver særir okkur, eða sofum á því í eina nótt, því þá lítur heimurinn allt öðruvísi út aftur. Ef ég bregst þá við get ég verið viss um að ég er ekki að gera málið verra í hugsunarleysi.

Að draga djúpt andann hjálpar okkur að róa okkur niður og finna okkar eigið jafnvægi aftur. Og einhvern veginn rata ég þá líka inn í anda Guðs. Allt í einu finn ég þegar ég anda, fyrir djúpum andardrætti Guðs, Heilagan Anda að verki. Á slíkum stundum stendur hann með mér, er stoð mín og stytta, gefur mér ljúflega hugsanir og friðarbendingar í hjarta mínu. Og það gerist sem Jesús lofaði: „Frið læt ég yður eftir, minn frið gef ég yður!“

Vinur minn hafði sært mig með kærulausri fljótfærni sinni. Ég gat varla sætt mig við það að hann sagði stuttaralega: „Fyrirgefðu!“ í símanum. Því endaði ég símtalið. Mér fannst þessi særindi ýfa upp sál mína. Í huganum fór ég að dæma þennan vin minn. Þetta dró mig meira og meira niður. Ég vildi ekki láta þessar neikvæðu tilfinningar stýra mér og leiða mig, en þær voru til staðar. Ég bað Jesú um hjálp. Ég man eftir öðrum vini sem hafði beðið mig að halda sér vel upplýstum um framvindu ráðstefnu sem haldin var. Til þess að gera eitthvað „af ást“ og festast ekki í neikvæðum tilfinningum hringdi ég í hann. Ég ákvað að kynna ráðstefnuna, sem hafði ekki gengið sérlega vel, á málefnalegan og velviljaðan hátt án þess að segja of mikið. Langt og bróðurlegt samtal þróaðist. Þegar við kvöddumst fann ég aftur alvöru frið í sálinni. – **Gerðu friðarmerki!**

fyrir go4peace liðið

Meinolf Wacker